


Samþykkt þann
15. nóv. 2017
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

BYGGINGARLÝSING.

Húsið er byggt árið 1926 og teiknað af Sigurði Valdimarssyni. Það er einlyft timburhús á steyptum kjallara 6.3x6.3 metrar að grunnfleti með lágu risi eða 19° þakhalla. Við húsið var upphaflega byggður inngönguskúr 1.65x2.4m að stærð sem var lengdur um 1.95m árið 1972. Allt er húsið klætt bárujárni. Í húsinu er nú tvær samþykktar íbúðir. Húsið mundi vera skilgreint sem einfalt bárjujárnsklætt timburhús frá fyrri hluta tuttugustu aldar þegar þeim tók mjög að fækka. Sem slíkt og sem hluti götumyndar Selvogsgötu hefur húsið töluvert varðveislugildi.

Fyrirhuguð stækkun og breyting felst í að byggja portbyggða rishæð ofan á núverandi hús með tveim misstórum kvistum á sitt hvorri hlið. Hæð ports sé 90cm og þakhalli aðalþaks 40° en kvista 15°. Þaki inngönguskúrs verður breytt í svalir.
Allur frágangur ytra borðs hússins ekki síst gluggar og útihurðir verður í samræmi við aldur og gerð hússins.
Stærð breytinga er 32.2 m2 og hækkun á mæni er 2.4 metrar.
Þak verður lagt bárujárni sem áður á 45x95mm lektur á c/c 800mm á veggpappa sem festur er við 25x150 mm þakklæðningu sem negld er á 48x195mm þakperrur c/c 600mm sem hvíla á portvegg úr 125mm vegggrind.
Núverandi gólfbitar verða styrktir með 100mm hækkun. Milli bita verður komið fyrir 2/ 13mm gipsplötum en þar á ofan 75mm þéttull. Ofan á gólfbita er klætt með 12mm grenikrossvið og síðan gólfborð. EI 60.
Eldri burðargrind hússins er gerð úr 125x125mm og verður yfirfarinn samhliða ofanábyggingu til að standast kröfur um R30.
Einangrun:
Þak verður einangrað með 180mm steinull en portveggir með 125 mm steinull.
Klæðningar:
Allar nýjar klæðningar verða í flokki 1.
Innveggir úr 70mm stáluppistöðum. Allir veggir klæddir fyrst 12mm grenikrossviði og síðan13mm gipsplötum.
Loft klædd 13mm gipsplötum.
Annað: Samtengdir reykskynjarar verða á öllum hæðum hússins.
Björgunarop verða um svalahurðir á 2.-og 3.hæð.

Stærðir:

| | |
|---|---|
| Stækkun | 32.2 m2 |
| Birt flatarmál samtals | 115.2 m2 |
| Brúttó flatarmál | 131.5 m2 |
| Brúttórúmmál | 358.4 m3 |
| Lóðarstærð | 225.0 m2 |
| Nýtingarhlutfall | 0.58 |

**Selvogsgata 12, Hfj.**

| | |
|---|---|
| afstöðumynd, grunnmyndir, sneiðing, útlit | NO A1 |
| | KVARÐI 1:500, 1:100 |
| DAGS. 6. október 2017 | BREYTT |


arkitekt fai
Magnús Skúlason Klapparstigur 1a 101 Reykjavik
kt. 151037-4969 sími: 8937385 magnusskulason@gmail.com